

## Trúnaðarmannaráð Sameykis

<b>Dags. 09.12.2021</b>	<b>Kl. 14:00</b>	<b>Staður: Teams-fundur</b>
<b>Fundaboð: KEA</b>	<b>Fundarritari: EHJS</b>	

- 1. Ávarp formanns. Þórarinn Eyfjörð**
- 2. Tekjur, ójöfnuður og vegasalt gildismatsins - Sara S. Öldudóttir verkefnastjóri ASÍ**
- 3. Lífsgæði í leik og starfi - Sigríður Hulda Jónsdóttir**
- 4. Nýir orlofskostir. Þórarinn Eyfjörð**
- 5. Jólakveðja og önnur mál**

### 1. Ávarp formanns

Þórarinn Eyfjörð setti fundinn og fór yfir dagskrána og ýmis praktísk atriði og fór síðan yfir nokkra punkta úr starfinu:

- Jöfnun launa á milli markaða. Búið skipta hópnum í 2 vinnuhópa. Hæfilega bjartsýn að kominn sé smá gangur í málið núna.
- Reykjavíkurborg samskiptin ganga illa. Gengur ágætlega í daglegum verkefnum. Gengur illa að eiga samskipti við starfskjaranefnd borgarinnar, bæði hvað varðar framkvæmd kjarasamninga og túlkun þeirra. Erum að takast á um það. Trúnaðarmenn verða upplýstir um stöðuna jafnóðum og eitthvað gerist.
- Framganga SA í kjölfar stjórnamyndunar um daginn með ólíkindum. Koma inn með látum og hamangangi þar sem þeir eru að fjalla um opinbera starfsmenna. Þeir halda því fram að fjöldi opinberra starfsmanna sé allt of mikill og á alltof háum launum o.s.frv. Verið svarað með greinaskrifum þar sem BSRB hefur verið í fararbroddi í að svara SA. SA eru að hlaða byssurnar og eru byrjaðir að skjóta. Erum í startholunum að taka fast á móti
- Vinnudeilusjóður. Spurning hvort við eigum að fara að styrkja sjóðinn. Það stefnir í mikil átök í komandi kjarasamningum og gætum við þess vegna þurft að skoða aukinn stuðning. Breyting á stuðningi og ákvörðun um breytingu á iðgjaldi fer fram á aðalfundi í lok mars nk.
- Fyrirlestri Söru Öldudóttur frestað þar sem hún er komin í sóttkví en í staðinn kemur Sigríður Hulda Jónsdóttir framkvæmdastjóri hjá SHJ ráðgjöf og verður með fyrirlestur um þrautseigju og lífsgæði.

### 2. Tekjur, ójöfnuður og vegasalt gildismatsins

Sara komin í sóttkví og þessum fyrirlestri því frestað

### 3. Þrautsegja og lífsgæði í leik og starfi.

Í fyrirlestri Sigríðar fjallaði hún um þrautseigju og lífsgæði í leik og starfi. Hún kynnti 10 leiðir til að efla og rækta með sér þrautsegju. Hún fjallaði um tengsl lífsánægju og starfsánægju og gagnkvæm áhrif hvors á annað. Hún fjallaði einnig um afleiðingar langvarandi streitu sem getur

leitt til kulnunar, einmannaleika og tilgangsleysis. Hún fór yfir fimm lykilþættir vellíðunar og hvernig vellíðun vinnur gegn kulnun. Rannsóknir sýna að 76% starfsmanna eru þreyttir flesta daga í vinnunni og nefndi Sigríður nokkrar leiðir til úrbóta.

Hún fjallaði um næringarlindirnar sem eru ómanngerð náttúra, slökun, næði, kyrrð, félagsskapur og nánd. Einnig nefndi hún bláu svæðin eða blue zone sem eru samheldni fjölskyldunnar, næring, hreyfing, sterk félagsleg tengsl, andleg rækt í forni trúar og æðri máttar og að tilheyra.

## **Kaffi**

### **4. Nýir orlofskostir**

Uppbygging á orlofssvæðum Sameykis í Munaðarnesi og á Úlfjótuvatni.

- **Munaðarnes:** Búið er að endurnýja öll hús SFR í Munaðarnesi og nú er verið að endurnýja fleiri hús þar sem voru í eigu St.Rv. auk þess sem við höfum eignast 2 „gömul“ hús. Þórarinn fór yfir framkvæmdir og breytingar á svæðinu, þ.e. Eyrarsvæðinu. Covid hefur orsakað tafir þar sem það er skortur á byggingarefni.
- **Úlfjótuvatn:** Sameyki á eitt svæði þar sem er eignarland. Gömlu húsin á svæðinu eru lítil, 33-60 m<sup>2</sup> og eru orðin úr sér gengin. Ætlum að byggja ný hús á svæðinu í sömu gæðum og standard og í Munaðarnesi og verða þau u.þ.b. 90 m<sup>2</sup>. Erum að undirbúa og teikna tillögu að deiliskipulagi.

### **5. Jólakveðja og önnur mál.**

- Dagbókin komin og hægt að panta hana.
- Þórarinn kynnti hlutverk og regluverkið í kringum mannauðssjóðinn sem stendur á bak við jólagjöf trúnaðarmanna og fulltrúaráðsmanna. Vegna Covid-aðstæðna var ákveðið að hafa fjarfund og því ekki hægt að afhenda jólagjafirnar persónulega. Jólagjöfin verður send til trúnaðarmanna í pósti, fór í póst í morgun.
- Þórarinn óskar öllum gleðilegra jóla

Fleira var ekki gert og þakkaði Þórarinn fyrir fundinn.

**Fundi slitið kl. 15:10**